FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Enska 1 - Styrking grunnþátta
Námsgrein:	enska
Viðfangsefni:	Lestur, málfræði, orðaforði, ritun, tal
Skammstöfun:	ENSK2SG05
Þrep:	2
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Grunnþættir tungumálanáms styrktir. Lögð er áhersla á rétta málnotkun í rituðu og töluðu máli.
Forkröfur:	B á grunnskólaprófi
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • grundvallaratriðum enskrar málfræði • orðaforða tengdum efni áfangans • helstu rithefðum sem við eiga í textasmíð
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • lesa og vinna bæði með fræðilega og bókmenntalega texta • tjá sig hnökralaust munnlega um fjölbreytt málefni • skrifa texta bæði á formlegan og óformlegan hátt
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • nýta nýjan orðaforða í ræðu og riti • skilja daglegt mál, fjölmiðlaefni, inntak erinda, fræðigreinar og annað flóknara efni • tjá sig fumlaust frammi fyrir áheyrendum um sérvalið efni sem hann hefur kynnt sér • beita rithefðum sem við eiga í textasmíð
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.